Á tómum tanki





Spessi – Bensínstöðvar.

Myndlist

Áslaug Thorlacius

Á sýningu Spessa á Kjarvalsstöðum, *Bensín*, eru tæplega 50 litljósmyndir af íslenskum bensínstöðvum. Bensínstöðvarnar eru af öllum stærðum og gerðum: gamlar, nýjar, allt frá einni dælu á stöpli upp í veitingastað eða verslun, Hraðbúðir, Select og allt það. Myndirnar eru teknar á öllum tímum sólarhringsins og á ýmsum tímum ársins, sumar eru þröngt teknar, aðrar úr fjarlægð, ýmist beint framan á, upp undir, ofan á eða á ská. Stundum skiptir landslagið máli, annars staðar er það ekki með. Innbyrðis er því um ólíkar myndir að ræða, þótt þær hangi auðvitað saman á bensíninu.

Bensínstöðin er spennandi fyrirbæri sem gegnir margvíslegu hlutverki eftir því hvar í sveit hún er sett. Úti við þjóðveginn er hún í vissum skilningi í hlutverki vörðunnar. Við ökum frá einni bensínstöð til annarrar, þar áum við, menn og vélar svala þorsta sínum og sækja sér kraft til áframhaldandi ferðar. Í sumum byggðarlögum er hún hjarta staðarins, kaffihúsið, sjoppan og vídeóleigan, en annars staðar er hún hlutgervingur firrtra nútímasamskipta, fjölsóttur „drive through" staður þar sem enginn hittir neinn, fólk kemur einungis við og „nýtur" þess að kaupa allt á einum stað.

Bensínstöðvar taka ekki mið af umhverfinu heldur er hver annarri lík, enda er auðvelt að sjá hvað er bensínstöð og hvað ekki. Á sýningunni eru dæmi um bensínstöðvar frá ýmsum tímum og má sjá hvernig útlitið hefur þróast frá frumstæðum skúr yfir í þessar nýju upp-ljómuðu, litríku plaststöðvar sem breiða vængi sína móðurlega yfir viðskiptavini sína.

Hvor Spessinn hefur yfirhöndina?

Merking bensínstöðvarinnar er margslungin enda hefur hún áður orðið listamönnum yrkisefni. Þrátt fyrir það virðist mér innihald sýningar Spessa nokkuð magurt. Það er eins og hann hafi ekki skilgreint verkefni sitt eða misst sjónar á markmiðinu áður en hann náði landi. Er hann að reyna að vera hlutlaus skrásetjari, og hvað er hann þá að skrá, eða er hann auglýsingaljósmyndari í vinnu fyrir olíufélögin eða eitthvað þar mitt á milli? Þar sem stór hluti myndanna er tekinn í myrkri er varla verið að spila á andstæðurnar við umhverfið. Ekki virðist heldur vera um skrásetningu á ákveðinni leið að ræða og ef hugmyndin er að sýna sögu bensínstöðvarinnar fá nýju stöðvarnar í Reykjavík allt of mikið pláss.

Samkvæmt viðtali við listamanninn, sem birtist hér í blaðinu fyrir nokkru, var upphaflega ætlunin að kortleggja allar bensínstöðvar á landinu, en ekki virðist hún hafa rist djúpt því það má líka skilja að hann hafi látið tilviljun ráða hvort og þá hvenær hann myndaði hverja um sig. Ennfremur kemur fram að hann hafi valið þessar 50 úr hópi 200 mynda og þætti mér forvitnilegt að vita hvað réði valinu. Hvort þessar 200 spanna allar bensínstöðvar á landinu veit ég ekki, en vel hefði mátt fórna römmunum og kartoninu til að koma öllum myndunum fyrir. Persónulega þykir mér mest varið í bensínstöðvarnar í landslagi, leiðinlegastar auglýsingamyndirnar sem ýkja upp „smarta" þak- og burðarverksstrúktúra.



Spessi hefur ekki átt í vandræðum með að skilgreina sig sem myndlistarmann jafnframt starfi sínu sem iðnaðarljósmyndari (sem er fínt). Hér er þó svo djúpt á listræna útgangspunktinum að hann sést ekki með berum augum og því spurning hvor Spessinn hefur haft yfirhöndina. Það er ekki nóg að efniviðurinn sé góður ef úrvinnslan er ómarkviss.

Að syngja á íslensku

Umsjónarmaður menningarsíðu er á þeirri skoðun að Íslendingar eigi sér menningarlegan fjársjóð sem umheimurinn hefur ekki enn uppgötvað, nefnilega sönglög íslenskra tónskáldanna Björgvins Guðmundssonar, Sigvalda S. Kaldalóns, Þórarins Guðmundssonar, Sigfúsar Einarssonar, Jóns Ásgeirssonar, Atla Heimis Sveinssonar og fleiri. Er hann sannfærður um að bestu sönglög þeirra jafnist fyllilega á við sönglög sem helstu tónskáld Breta, Frakka og Þjóðverja hafa samið á þessari öld. Nú er auðvitað brýnt að sannfæra umheiminn um yfirburði Íslendinga á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum. Eins og fyrri daginn eru íslensku textarnir helsti ásteytingarsteinninn fyrir utanaðkomandi aðila. Þó ættu þeir ef til vill ekki að vera það, bestu söngvarar láta sig hafa það að syngja á „erfiðum" málum á borð við rússnesku og pólsku.

Mætti ekki feta í fótspor þeirra ágætu manna sem tóku sig til og þýddu íslensku fornsögurnar svo þær mættu gagnast allri heimsbyggðinni? Væri þá högustu þýðendur landsins fengnir til að snúa söngtextum yfir á ensku eða þýsku og þekktir barítónar eða altsöngkonur í útlöndum fengin til að syngja lögin inn á geislaplötur. Íslenskir söngvarar gætu síðan fylgt þessu eftir með eigin upptökum. Í apríl kemur til landsins einn þekktasti undirleikari ljóðasöngvara sem nú er uppi, Graham Johnson – hans mesta afrek er að taka upp allan Schubert með einvalaliði söngvara – og væri upplagt að fá hann til skrafs og ráðagerða um herferð af þessu tagi.

Sem var í rauninni ekki það sem umsjónarmaður ætlaði að ræða um, heldur það merka frumkvæði bandarískrar söngkonu, Judith Gans, að kynna íslensk sönglög í heimalandi sínu með hljómleikum, fyrirlestrum og eigin upptökum. Hún hefur nú gefið út geislaplötu sem nefnist *Draumalandið – Romantic Art Songs of Iceland*, þar sem hún syngur – á íslensku – sígild sönglög á borð við *Sjá dagar koma*, *Bí bí og blaka*, *Fuglinn í fjörunni* og *Þú ert*, við undirleik Jónasar Ingimundarsonar. Hér er ekki ætlunin að skrifa umsögn um söng Judith Gans heldur einungis að vekja athygli á góðri textameðferð hennar og einlægri aðdáun á íslenskri sönglagahefð. Sem sagt, ef Judith getur þetta, hví ættu aðrir útlendir söngvarar ekki að geta það...

Súperstjarna endurfædd

Það er skammt stórra högga á milli hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og skemmtilega fjölbreytt og litrík efnisskrá sem boðið hefur verið upp á í ár, þar sem allir hljóta að hafa fundið eitthvað við sitt hæfi. Nú síðast aðdáendur rokkóperu Andrew Lyod Webber, Jesus Christ Superstar, og ég þar með talin, þar sem þetta verk hefur haldið sínum sessi á mínum uppáhaldslista í 20 ár. Tvær sýningar á þessari ódauðlegu rokkóperu voru í Laugardalshöll, á föstudagskvöld og á laugardaginn, með þátttöku einvala liðs West End söngvara. Sömuleiðis hrynsveitar sem skipuð var Friðriki Karlssyni og Guðmundi Péturssyni gítarleikurum, Eyþóri Gunnarssyni og Kjartani Valdimarssyni hljómborðsleikurum, Gunnlaugi Briem á trommum og Richard Korn bassaleikara, og kórs sem sérstaklega var settur saman fyrir þessa tónleika. Sinfóníuhljómsveitin var í raun í hálfgerðu aukahlutverki þarna í frekar rýrum hljómsveitarparti, sem einhver hvíslaði að mér að Barenboim hefði haft hönd í bagga með, en

Tónlist

Arndís Björk Ásgeirsdóttir

ég sel það nú ekki dýrara en ég keypti. Hvað sem því líður var sveitin pottþétt allan tímann og sömu sögu má segja um hrynsveitina sem töluvert meira mæðir á. Í byrjun var að vísu eitthvert ójafnvægi í hljóðkerfinu, hrynsveitin allt of hávær, lítið sem ekkert heyrðist í hljómsveitinni og raddir söngvaranna áttu til að drukkna í hávaðanum. Því var sem betur fer fljótlega kippt í liðinn og allt gekk nokkuð snurðulaust fyrir sig eftir það. Ekki má heldur gleyma að minnast á kórinn sem skilaði sínum hlut með mikilli prýði.

Leðurbuxnatöffari með gaddabelti

Aðalhlutverkin, þ.e. Jesús og Júdas, voru í höndum þeirra David Shannons, sem söng Jesú, og Simon Bowman, sem söng Júdas Iskariot. Báðir smellpössuðu þeir í hlutverk sín, bæði hvað varðar rödd og útlit. Að vísu fóru búningar þeirra afskaplega í taugarnar á mér: Jesús var í allt of vel straujaðri, of stórri skyrtu og pressuðum hörbuxum, en Júdas var klæddur sem leðurbuxnatöffari með gaddabelti og skálmarnar girtar ofan í skóna. María Magdalena, sem sungin var af Jacqui Scott, var líka engan veginn tælandi, heldur frekar eins og á leiðinni í huggulegt kokkteilboð. Mismunandi var hversu mikinn leik söngvararnir lögðu í hlutverk sín. Fór Jacqui heldur sparlega með það, þannig virkaði heldur stirt á milli hennar og Jesú, þó hún syngi alveg eins og engill. Jesú vantaði líka svolitla útgeislun og nærveru á sviðinu, sem þetta hlutverk krefst. Shannon fór annars vel með hlutverkið þó svo ég yrði fyrir svolitlum vonbrigðum með hápunktinn í Getsemane-garði. Bowmann var aftur á móti ótrúlega kraftmikill í sínu Júdasarhlutverki og gaf sig greinilega allan í það. James Graeme var flottur sem Pontius Pílatus og var verulega áhrifamikið atriðið þar sem hann lætur hýða Jesú og vel viðeigandi akkúrat nú. Junix Inocian fór á kostum sem Heródes og Magnus Rongedal var virkilega góður sem Símon Pétur, með ljúfa George Michael rödd. Kaífas var sunginn af Stephen Garner, sem gerði það vel en var stundum svolítið stífur; sömuleiðis fór Philip Griffiths vel með sitt hlutverk sem Annas og prestarnir þrír, soul-stelpurnar og postularnir voru í öruggum höndum. Hljómsveitarstjórinn Martin Yates, sem er okkur að góðu kunnur frá því á söngleikjatónleikum S.Í. í fyrra, hélt svo utan um þetta stóra apparat af fullkomnu öryggi og kunnáttu, þannig að útkoman varð öll hin glæsilegasta. Meira að segja dauðlangaði mig að fara aftur á laugardeginum.



David Shannon í hlutverki Jesú.
DV-mynd Hari

Örlagasaga með heimspekilegu ívafi

Jostein Gaarder, höfundur metsölubókarinnar um *Veröld Soffíu*, hefur nú sent frá sér litla bók sem vafalaust á eftir að vekja athygli þeirra sem sækjast eftir örlagasögum með heimspekilegu ívafi. Bókin heitir *Vita Brevis*, og gefur sig út fyrir að vera þýðing höfundar á latneskum texta sem hann finnur fyrir tilviljun í fornbókaverslun í Buenos Aires. Textinn reynist vera til sjálfs Ágústínusar kirkjuföður, höfundar *Játninganna*, einnar helstu perlu miðaldabókmennta, frá Flóríu ástkonu hans. Í *Játningunum* lýsir Ágústínus því hvernig hann bælir niður tilfinningar sínar og langanir til að geta helgað líf sitt Guði og kirkjunni. Þar með verður hann að láta ástkonu sína og son þeirra lönd og leið. *Vita Brevis* segir söguna af þessari bælingu og afneitun frá sjónarhóli Flóríu og snýst upp í hugleiðingar um átök ástar og hugmyndafræði sem á fullt erindi við fólk í dag. Mál og menning gefur bókina út í ritröðinni *Syrtlur*.



Umsjón

Aðalsteinn Ingólfsson